



154. fundur Byggðarráðs
F26-08-082

Byggðarráð Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 9.9.2026, 15:00 – 18:06. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Zophonías Ari Lárusson formaður
Ritari: Dagný Rósa Úlfarsdóttir ritari
Fundinn sátu: Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður
Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður
Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi
Starfsmaður: Pétur Arason sveitarstjóri

1. M26-09-564 - Sex mánaða uppgjör Húnabyggðar

Inn á fundinn komu Jón Ari Stefánsson frá KPMG og Sigurður Erlingsson frá Performare í gegnum Teams fjarfundabúnað.

Jón Ari Stefánsson og Sigurður Erlingsson fóru yfir sex mánaða endurskoðað uppgjör Húnabyggðar. Stefnt er að því að níu mánaða endurskoðað uppgjör verði tilbúið um miðjan október. Flestar tölur eru svipaðar og áætlanir gerðu ráð fyrir en þó eru fjármagnsliðir töluvert hærri en reiknað var með.

2. M26-09-552 - Umsókn um byggingalóð

Umsókn um byggingalóð frá Geimgörðum ehf.

Byggðarráð tók til umfjöllunar og samþykkti umsókn Geimgarða ehf. um lóð við Fálkagerði 8A (L242110). Áform Geimgarða ehf. til lengri tíma eru að setja upp 6-8 loftnetskúlor og minna aðstöðuhús sem þarfnast stöðuleyfis.

3. M26-09-551 - Fráveita í hesthúsahverfi

Erindi frá Þorgils Magnússyni varðandi fráveitu í hesthúsahverfi.

Byggðarráð samþykkir að skoðað verði hvernig tengja megir alla hesthúsabyggðina við fráveitukerfi Húnabyggðar. Leggja þarf mat á kostnað þeirra framkvæmda og einnig að funda með eigendum hesthúsanna við Arnargerði til að kanna áhuga á mögulegum framkvæmdum. Sveitarstjóra falið að láta útbúa frumkostnaðaráætlun og koma á fundi um málið með eigendum hesthúsa í hesthúsahverfinu.

4. M26-09-553 - Hljóðvist við Gagnaver á Blönduósi

Skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra vegna hljóðvistamælinga við Gagnaver.

Lagt fram til kynningar.

5. M26-06-092 - Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri

Byggðarráð samþykkir erindið og bókun færð í trúnaðarbók.

6. M26-06-113 - Staða framkvæmda 2026

Sveitarstjóri fór yfir framkvæmdalista ársins en hann samanstendur fyrst og fremst af mörgum minni verkefnum sem dreifast á alla málaflokka en einnig eru stærri verkefni inn á milli. Má þar nefna malbikun á Bakkastíg, stígagerð í Kálfshamarsvík, malbikun á Hnjúkabyggð, ljósastaurar við Ennisbraut, framkvæmdir í leik- og grunnskóla, framkvæmdir í vatnsveitu og fráveitu og endurnýjun náttuga við Auðkúlurétt, ásamt fleiri verkefnum. Einu stærsta verkefni ársins er nú að ljúka en miklar framkvæmdir hafa verið í Íþróttamiðstöðinni þar sem búningsklefarnir voru teknir í gegn, sett var á þá epoxy klæðning og þeir málaðir og einnig var sett epoxy á ganginn fyrir fram þá. Þá voru flísar í sundlauginni lagfærðar en þar voru kantarnir sérstaklega illa farnir. Einnig voru flísar í heitum pottum lagfærðar. Stefnan er sett á að ná nokkrum stærri verkefnum á síðustu mánuðum ársins og nú er t.d. nýhafið verkefni þar sem verið er að skipta um þak á Árbraut 35.

7. M26-06-341 - Þrjónagleði

Lagður fram til kynningar endanlegur samningur við Svanhildi Pálsdóttur vegna umsjónar með Þrjónagleði 2027 sem haldin verður 3-6. júní 2027.

8. M26-09-565 - Samningur um Þverárdal

Drög að samningi við Einar Kolbeinsson um leigu á landi Þverárdals vegna rjúpnaveiði lögð fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum miðað við umræður fundarins.

9. M26-09-554 - Samningur milli FEBH og Húnabyggðar

Drög að samningi við félag eldri borgara í Húnaþingi lagður fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum miðað við umræður fundarins.

10. M26-09-563 - Birting tiltekinna stjórnsýslugagna á heimasíðu Húnabyggðar

Mál tekið á dagskrá að beiðni Gríms Rúnars Lárussonar fulltrúa í byggðarráði er varðar birtingu tiltekinna stjórnsýslugagna á heimasíðu Húnabyggðar.

Byggðarráð samþykkir að birt verði á heimsíðu Húnabyggðar gögn um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnabyggðar, sem samþykkt var á 72. fundi sveitarstjórnar og felur sveitarstjóra að koma því verkefni í framkvæmd. Hvað varðar birtingu á upplýsingum um starfskjör sveitarstjóra sveitarfélagsins felur byggðarráð sveitarstjóra að kanna hvaða reglur gilda um slíkar upplýsingar er varðar persónuvernd o.s.frv. og kynna þær fyrir byggðarráði.

11. M26-09-566 - Sameining sýslumannsembætta - Staða starfsstöðvar á Blönduósi

Mál tekið á dagskrá að beiðni Gríms Rúnars Lárussonar fulltrúa í byggðarráði er varðar sameiningu sýslumannsembætta og stöðu starfsstöðvar sýslumannsembættisins á Blönduósi.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að óska eftir upplýsingum frá sýslumanni um: Fjölda stöðugilda á starfsstöðinni á Blönduósi í dag og fyrir tveimur árum. Fjölda starfsmanna á starfsstöðinni á Blönduósi í dag og fyrir tveimur árum. Tegundir starfa (sérfræðistörf eða önnur störf) í dag og fyrir tveimur árum.

12. M26-06-107 - Fundargerð 143. fundar stjórnar SSNV

Lagt fram til kynningar.

13. M26-09-555 - Fundargerð 51. fundar fagraðs um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Lagt fram til kynningar.

14. M26-06-109 - Fundargerð 1001. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið 18:06.